

Innsýn í einhverfu

Sigríður Lóa Jónsdóttir og Evald Sæmundsen (ritstjórar). (2014).
Litróf einhverfunnar. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 417 síður.

Um miðbik síðustu aldar lýsti Leo Kanner fyrstur einhverfu á fræðilegum vettvangi. Síðan þá hefur þekking á fyrirbærinu aukist verulega. Einhverfa var lengi vel talin stafa af óheppilegum uppeldisháttum foreldra, einkum móður, en nú er almennt viðurkennt að um taugaproskaröskun sé að ræða. Umfang einhverfu og alvarleiki einkenna eru álitin liggja á rófi frá lítt hamlandi yfir í alvarlegri fötlun. Þrátt fyrir mikinn áhuga á einhverfu hérlendis, sem endurspeglast til að mynda í fjölda lokaverkefna um efnið við háskóla landsins, hefur lítið birst hér á prenti, svo að *Litróf einhverfunnar* er kærkomin viðbót. Ritstjórnarnir, Sigríður Lóa Jónsdóttir og Evald Sæmundsen, starfa ásamt öðrum höfundum á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Bókin er „hugsuð fyrir foreldra, ættingja, einhverfa fólkið sjálft, þá sem tengjast einhverfum í starfi, framhaldsskóla, neðri stig háskóla og aðra sem hafa áhuga á einhverfu“ (bls. 12; blaðsíðutöl hér á eftir vísa til *Litrófs einhverfunnar*).

Lýsing á bókinni

Bókin skiptist í 24 kafla í átta hlutum. Þeir spanna allt frá sögu einhverfu og greiningarviðmiða til íhlutunar og velferðar. Fyrsti hluti bókarinnar, *Saga einhverfu*, skiptist í fjóra kafla sem allir eru skrifaðir af Andreu Katrínu Guðmundsdóttur félagsráðgjafa og Evald Sæmundsen, sálfræðingi og sviðstjóra rannsókna á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Fyrsti kaflinn, *Sögulegt ágríp*, gefur yfirlit yfir sögulega þróun einhverfuhugtaksins í fræðilegri umfjöllun og greiningarviðmiðum fjölpjódlegra flokkunarkerfa. Þar er einnig reifað hvernig kenningar um orsakir einhverfu hafa breyst frá því að einblína á tilfinningalegan vanda innan fjölskyldna yfir í að leita orsaka einkum í líffræðilegum þáttum. Annar kafla bókarinnar, *Einhverfa á Íslandi*, er einkar áhugaverður þar sem fram koma nýjar upplýsingar um sögu málaflokksins. Sagt er frá þróun greiningar- og meðferðarþjónustu frá 1970 og fjallað um fræðslu og rannsóknir á einhverfu eftir að Greiningarstöðin tók við málaflokknunum árið 1997. Þriðji

kaflinn fjallar um *Þróun vistunarúrræða og skólaþjónustu* fyrir fötluð börn almennt og þar er rakið hvernig áherslur í þeim málaflokki hafa breyst á undanförunum áratugum. Þessi kaflar er fróðlegur en mjög knappur; til dæmis er ekki fjallað um háskólanám sem nemendum með einhverfu eða önnur þroskafrávik stendur nú til boða í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Í fjórða kaflanum um sögu einhverfu, *Breytingar á algengi*, er sagt frá því hversu gríðarlega algengari einhverfa hefur orðið undanfarna áratugi, bæði hérlendis og erlendis – og að ekkert lát virðist þar á.

Annar hluti bókarinnar, *Að bera kennsl á einhverfu*, fjallar um það ferli að greina röskun á einhverfurófinu og hvaða þýðingu það hefur fyrir einstakling og fjölskyldu hans. Kaflarnir eru tveir, Sigríður Lóa Jónsdóttir sálfræðingur skrifar þann fyrri, *Frá grun til greiningar*, og Svandís Ása Sigurjónsdóttir, sálfræðingur og skorarstjóri á fagsviði yngri barna á Greiningarstöðinni, þann síðari, *Greining*. Fyrri kaflinn fjallar um fyrstu einkennin sem foreldrar verða yfirleitt varir við og lýsa sér í seinkun á málþroska eða frávikum í félagslegum samskiptum. Sérlega áhrifarík er tilvitnun í orð móður sem lýsir fyrstu áhyggjum sínum af þroska barns síns. Frásögnin er mikilvæg áminning fyrir fagfólk um að hlusta vel og bregðast ávallt við áhyggjum foreldra af þroska barna sinna. Ræddar eru leiðir til að flýta ferlinu frá áhyggjum til greiningar til að fleiri börn geti fengið snemmtæka íhlutun og foreldrarnir viðeigandi stuðning og ráðgjöf. Svandís gefur yfirlit yfir það ferli við að greina einhverfu sem þykir best hérlendis og í nágrannalöndum, það er með þverfaglegri nálgun sem felur í sér að notuð eru ítarleg viðtöl, matskvarðar og beinar athuganir á hegðun. Kaflanum lýkur með brýningu um að einstaklingar með einhverfu geti haft mjög ólíkar þarfir þó að þeir séu með sömu greiningu og því sé mikilvægt að kynnast hverjum og einum vel.

Þriðji hluti bókarinnar, fjórir kaflar, fjallar um *Orsakir, taugafræði og meðraskanir*. Í fyrsta kaflanum, *Erfðir og áhættuþættir*, skýrir Ingólfur Einarsson, barnalæknir og sviðstjóri á fagsviði langtímaeftirfylgdar á Greiningarstöðinni, frá þeim þáttum sem taldir eru auka líkur á einhverfu. Ljóst þykir að erfðir eigi stóran þátt í þróun einhverfu þar sem líkurnar á einhverfu aukast eftir því sem skyldleiki við einstakling með einhverfu er meiri. Þannig hefur samsvörun meðal eineggja tvíbura reynst mjög mikil – þó ekki 100% þannig að fleiri þættir virðast vera þarna að verki. Annar kaflinn nefnist *Taugafræðilegt sjónarhorn*. Þar lýsir Ingólfur tengslum heilastarfsemi og tiltekinn hegðunareinkenna einhverfu. Komið hefur í ljós að heili einstaklinga með einhverfu er að ýmsu leyti frábrugðinn heila sem þroskast eðlilega en að markviss íhlutun geti styrkt og aukið sveigjanleika tauganetsins. Í þriðja kaflanum, *Meðraskanir*, lýsa Ingibjörg Bjarnadóttir barnataugalæknir, Evald Sæmundsen og Brynja Jónsdóttir talmeinafræðingur erfiðleikum sem oft fylgja einhverfu og geta jafnvel haft meiri hamlandi áhrif en einhverfueinkennin sjálf. Algengar meðraskanir einhverfu eru þroskahömlun, athyglisbrestur með ofvirkni, kvíðaraskanir og svefnraskanir. Einkum eru það skertur vitsmunapróska og geðraskanir sem geta haft hvað neikvæðust áhrif á framtíðarhorfur barna með einhverfu. Í lokakafla þessa hluta, *Lyffjameðferð*, segja L. Ýr Sigurðardóttir barnalæknir og Ingibjörg Bjarnadóttir frá meðferð með lyffjum. Engin lyf eru til við einhverfu, en lýst er hvernig hægt er að hafa áhrif á afmörkuð einkenni eða einkenni meðraskana með ýmiss konar lyffjum.

Fjórfri hluti bókarinnar, tveir kaflar, nefnist *Framvinda og horfur* og þar fjallar Sigríður Lóa Jónsdóttir um það hvernig einstaklingum með einhverfu vegnar almennt í lífinu og hvaða atriði ráða þar mestu. Í fyrri kaflanum, *Stöðugleiki og breytingar*, er því lýst hvernig röskun á einhverfurófi fylgir einstaklingum yfirleitt út lífið, en að ýmsir þættir geti þar haft áhrif, svo sem vitsmunapróski og íhlutun. Gefið er ágætis yfirlit yfir þessa þætti en þarna hefði þó mátt fjalla um rannsóknir sem hafa sýnt að það getur haft afgerandi áhrif á framvindu og horfur af hvaða toga íhlutunin er (eins og reyndar kemur fram í umfjöllun um íhlutun síðar í bókinni). Í síðari kaflanum, *Frá bernsku til fullorðinsára*, er því lýst hvernig einstaklingum með einhverfu vegnar á síðari aldurs skeiðum með tilliti til sjálfstæðis, félagslegrar þátttöku og lífsgæða. Rannsóknir hafa sýnt að á þeim sviðum standa einstaklingar með einhverfu höllum fæti, en félagslegur stuðningur og tækifæri til atvinnuþátttöku geta þar skipt sköpum.

Í fimmta hluta bókarinnar, *Íhlutun, kennsla og þjálfun*, er fjallað í fimm köflum um mikilvægi þess að styðja sérstaklega nám barna með einhverfu þar sem þau læra ekki af umhverfinu á sama hátt og jafnaldrar. Í fyrsta kaflanum, *Snemmtæk íhlutun*, lýsir Sigríður Lóa Jónsdóttir árangursríkri kennslu fyrir ung börn með einhverfu og þjónustu við fjölskyldur þeirra. Sérstaklega er fjallað um einstaklingsmiðuð markmið í kennslu barnanna sem ætti að setja fram með hliðsjón af eðlilegri þroskaframvindu jafnaldra, óskum foreldra og mismunandi þörfum hvers barns fyrir sig. Lýst er markmiðum sem brýnt er að huga að í daglegu lífi barnsins til að stuðla að æskilegum félagslegum samskiptum, málnotkun, boðskiptum, færni í daglegum athöfnum og viðeigandi hegðun. Minnt er á að þó að leikskólar gegni lykilhlutverki, þá sé ekki nóg að barnið sé þar, heldur þurfi yfirleitt markvissa kennslu eða þjálfun í að minnsta kosti 25 stundir á viku til að þessi mikilvægu markmið náist hjá börnum með einhverfu. Einnig er undirstrikað gildi þess að foreldrar fái þjálfun og stuðning í að nýta dagleg námstækifæri fyrir barnið. Í lok kaflans er fjallað um mikilvægi þess að undirbúa barnið fyrir aukið sjálfstæði í grunnskólaumhverfi og að haldið verði áfram markvissri þjálfun þar eftir þörfum, en nokkur misbrestur virðist vera á því hérlendis.

Í öðrum kaflanum um íhlutun, *Áherslur í kennslu grunnskólabarna*, fjalla Sigrún Hjartardóttir, sérkennari og einhverfuráðgjafi, og Sigurrós Jóhannsdóttir sálfræðingur um þá erfiðleika í námi og félagslegum aðstæðum sem börn með einhverfu glíma við á grunnskólaárunum og þann stuðning sem þau þurfa á að halda. Bent er á að skýrt skipulag henti vel nemendum með einhverfu og að það sé þeim erfitt ef reglur eru óljósar og mikið reynir á félagsleg samskipti. Sérhæfður stuðningur er því nauðsynlegur til að nemendur læri að takast á við slíkar aðstæður og til að fyrirbyggja að þeir verði fyrir einelti. Í kaflanum eru nefndar nokkrar viðurkenndar aðferðir, svo sem jafningjaþjálfun og sjónrænt skipulag en gagnlegt hefði verið að sjá nánari útlistun á þeim.

Í þriðja kaflanum í þessum hluta, *Áætlanir, aðferðir og verklag*, útskýrir Guðný Stefánsdóttir, þroskaþjálfari og sviðstjóri fræðslu- og kynningarsviðs á Greiningarstöðinni, mikilvægi þess að nota heildstæðar áætlanir, gagnreyndar aðferðir og viðurkennt verklag við kennslu og þjálfun einstaklinga með einhverfu. Guðný mælir með að um leið og grunur vaknar um einhverfu sé búin til og sett í gang heildstæð þjálfunaráætlun sem taki til allra þroskaþátta barnsins. Gefið er gagnlegt yfirlit yfir það hversu

sterk vísindaleg rök liggja að baki mismunandi þjálfunarleiðum eða aðferðum hérlendis með vísan í samantektir erlendra fagsamtaka um rannsóknir. Þó það hljómi vel að nota „það besta úr ólíkum aðferðum“ (bls. 241) er bent á að samanburðarrannsóknir hafi sýnt minni árangur af slíku verklagi en af heildstæðri atferlisíhlutun. Nú síðast bættist rannsókn Howard, Stanislaw, Green, Sparkman og Cohen (2014) í hóp slíkra samanburðarrannsókna. Brýnt er að vanda val á aðferðum til að „dýrmætur tími í lífi barnsins nýtist sem best“ (bls. 245), því ákvarðanir um kennsluaðferðir geta haft áhrif á framtíðarhorfur barnsins og lífsgæði fjölskyldunnar í heild.

Í tvískiptum kafla, *Heildstæðar aðferðir*, fjalla Sigrún Hjartardóttir og María Sigurjónsdóttir, þroskaþjálfari og ráðgjafi um atferlisíhlutun, um þær tvær leiðir sem hafa fest sig í sessi hérlendis í kennslu einstaklinga með einhverfu, skipulagða kennslu og atferlisíhlutun. Sigrún lýsir því hvernig skipulögð kennsla er þáttur í hugmyndafræði sem er þekkt undir skammstöfuninni TEACCH (e. *Treatment and Education of Autistic and related Communication Handicapped Children*), og felst í aðlögun umhverfisins að þörfum einstaklingsins, fyrirsjáanlegu dagsskipulagi, vinnukerfi, rútinu og skipulögðum verkefnum. María gerir grein fyrir heildstæðri atferlisíhlutun sem byggist á hagnýtri atferlisgreiningu og felst í mismunandi kennsluaðferðum til að auka athygli, málþroska, leik, samskipti, sjálfshjálp og félagsfærni. Stuttlega er fjallað um rannsóknir á árangri þessara leiða og bent á að þó að afmarkaðir þættir skipulagðrar kennslu hafi sýnt jákvæð áhrif hafi reynst erfitt að sannreyna hana í heild sinni. Hins vegar hafi rannsóknir á heildstæðri atferlisíhlutun sýnt góðan árangur, sérstaklega þegar hafist er handa við umfangsmikla þjálfun snemma á lífsleiðinni. Einnig er bent á að atferlisíhlutun geti líka gagnast börnum með annars konar þroskafrávik en einhverfu.

Í fimmta kaflanum um íhlutun fjalla Brynja Jónsdóttir, Guðný Stefánsdóttir, Kristjana Magnúsdóttir sálfræðingur og Sigrún Hjartardóttir um *Leiðir til að þjálfa afmarkaða færni*. Sagt er frá talþjálfun, aðferðinni Tákn með tali og myndræna boðskiptakerfinu PECS (e. *Picture Exchange Communication System*) sem er notað til að auka færni í boðskiptum og fjallað er um hugræna atferlismeðferð, félagshæfnisögur og hugræna tilfinningalega þjálfun (e. *cognitive affective training*) sem er beitt til að bæta líðan og félagsfærni.

Sjötti hluti bókarinnar, *Fjölskylda og velferð*, fimm kaflar, fjallar um einhverfu í samfélagslegu samhengi. Í fyrsta kaflanum er viðfangsefnið *Fjölskyldan og barnið*, en þar segir Guðrún Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi frá því álagi sem fjölskyldur barna með einhverfu finna almennt fyrir og hversu mikilvægt það er fyrir þær að fá stuðning við að draga úr streitu og takast á við krefjandi aðstæður með lausnamiðuðum hætti. Í öðrum kaflanum, *Þátttaka og lífsgæði*, fjallar Þóra Leósdóttir iðjuþjálfari um það hvernig áskoranir í daglegu lífi geta haft neikvæð áhrif á þátttöku og lífsgæði barna og unglunga með einhverfu. Í þriðja kaflanum, *Að upplýsa og fræða um einhverfu*, fjallar Laufey I. Gunnarsdóttir þroskaþjálfari um leiðir til þess að upplýsa börn um einhverfugreininguna á viðeigandi hátt, sem og aðstandendur, skólafélaga og kennara. Laufey segir að í mörgum tilvikum sé það léttir þegar greining um einhverfu liggur fyrir, því hún hefur visst skýringargildi og eykur skilning og umburðarlyndi fyrir einkennum. Jafnframt er mikilvægt að leggja áherslu á styrkleika og virðingu

fyrir margbreytileika mannlífsins. Í kaflanum *Kynheilbrigði* skýrir María Jónsdóttir félagsráðgjafi frá því hvernig kynverund einstaklinga með einhverfu þroskast og hversu brýnt er að veita þeim sérhæfða kynfræðslu þar sem félags- og tilfinningalegur þroski þeirra helst ekki í hendur við líkamlegan þroska. Í fimmta kaflanum, *Þjónusta og stuðningur*, lýsa þær Guðrún Þorsteinsdóttir og Þóra Leósdóttir þeim sértæku og hagnýtu stuðningsúræðum sem fjölskyldur barna með einhverfu þurfa á að halda.

Sjöundi hluti bókarinnar nefnist *Sjónarmið einhverfra*. Í honum er aðeins einn kafli, *Líf og reynsla*, eftir Laufeyju I. Gunnarsdóttur og Þóru Leósdóttur. Þar er fjallað um sjálfsævisögur og frásagnir einstaklinga með einhverfu sem gefa einstaka innsýn í reynsluheim þeirra og mikilvægt er að hafa í huga í skipulagi þjónustu á þessu sviði. Einnig er sagt frá hagsmunabaráttu fólks með einhverfu og þeim breytingum sem hafa orðið með tilkomu netsins sem vettvangs fyrir upplýsingamiðlun, samskipti og réttindabaráttu.

Í síðasta hluta bókarinnar, *Horft til framtíðar*, er kaflinn *Aukin þekking – breyttar áherslur* þar sem ritstjórnir hugleiða stöðu mála og næstu skref á sviði einhverfu hérlendis. Þau segja það áhyggjuefni að börn með einhverfu hérlendis greinist almennt seint og benda á aukna möguleika í skimun og breiðari þátttöku neðri þjónustustiga (hjá sveitarfélögum) til að greining og markviss íhlutun geti átt sér stað fyrr á lífsleiðinni og bætt þannig framtíðarhorfur barnanna. Einnig er bent á rannsóknir hérlendis sem sýna að hátt hlutfall almennra kennara og sérkennara skorti þekkingu á einhverfu og kennslu nemenda með slíka röskun í skóla án aðgreiningar og finnst að í námi þeirra hafi verið of lítil áhersla á þá þætti. Ljóst er að þar má sannarlega gera betur. Ritstjórar bókarinnar benda á að til „að stuðla að auknum gæðum í kennslu og þjálfun“ (bls. 379) barna með einhverfu þurfi að fjölga í hópi þeirra sem hafa sérþekkingu á hagnýtri atferlisgreiningu. Sálfræðinemum við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík standa til boða ýmis námskeið á því sviði, en gagnlegt væri að bjóða upp á framhaldsnám í hagnýtri atferlisgreiningu fyrir fagfólk með bakgrunn í menntavísindum eins og samstarfsnefnd Háskóla Íslands og Greiningarstöðvarinnar hefur lagt til. Ritstjórar bókarinnar brydda einnig upp á áhugaverðri hugmynd um rannsóknarsetur í einhverfu í samvinnu háskóla, Greiningarstöðvarinnar og annarra þjónustustiga.

Sjónarhorn Greiningarstöðvarinnar

Viðfangsefni bókarinnar er viðamikil og því eru gerð mjög góð skil að langflestu leyti. Það kann þó að draga úr fræðilegu hlutleysi ritsins að allir höfundarnir sautján starfa á Greiningarstöðinni. Umfjöllunin hefði getað orðið heildstæðari ef fólk með fjölbreyttari bakgrunn hefði komið að verkinu, svo sem frá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans eða Einhverfusamtökunum. Einnig hefði farið vel á því að einstaklingar með einhverfu kæmu að bókinni, sérstaklega í kaflanum um sjónarmið einhverfra. Þess ber þó að geta að tilvitnanir í orð einhverfra og aðstandenda þeirra eru víða í bókinni og styðja vel við umfjöllunina.

Á móti kemur að höfundar bókarinnar eru fjölmargir og hafa fjölbreyttan bakgrunn á sviði sálfræði, læknisfræði, þroskaþjálfarafræði, félagsráðgjafar, sérkennslu, iðjuþjálfunar og talmeinafræði. Þeir leggja þó flestir mikla áherslu á greiningarferlið og víða er lýst „jákvæðum“ hliðum einhverfugreiningar, svo sem mikilvægi snemmgreiningar, hvernig hún getur aukið skilning á erfiðleikum og leitt til viðeigandi íhlutunar – meðan lítið er rætt um mögulegar neikvæðar hliðar, svo sem stimplun, stríðni, ofuráherslu á veikleika, minni væntingar og færri tækifæri í lífinu (Lauchlan og Boyle, 2007). Gagnlegt hefði verið að reifa þá þætti til að benda fólki á þau neikvæðu áhrif sem geta fylgt greiningu.

Mikilvægi íhlutunar

Í bókinni er mikil áhersla á líffræðilega áhrifaþætti, stundum á kostnað umfjöllunar um aðra áhrifaþætti, svo sem kennslufræðilega íhlutun. Áhugavert hefði verið að sjá nánari lýsingar á þeirri markvissu kennslu og þjálfun sem hægt er að beita. Í umfjöllun um svefnvanda segir til dæmis að áður en lyfjameðferð sé reynd „eru til að byrja með nýttar hegðunarmótandi aðferðir“ (bls. 164) en ekki er lýst nánar í hverju þær felast. Hins vegar er lýst nokkrum tegundum lyfja. Ef lesandinn vildi fletta upp „hegðunarmótun“ eða öðrum kennsluáðferðum þá eru engin slík hugtök í bendiskrá aftast í bókinni. Aftur á móti eru þar fjórar vísanir í „rauðuhundafaraldur“. Góða umfjöllun um íhlutun er þó að finna í fimmta hluta bókarinnar og þar er meðal annars gagnlegt yfirlit yfir það hversu sterk vísindaleg rök liggja að baki mismunandi kennsluáðferðum. Í bókinni kemur einnig fram að menntun starfsfólks skóla á sviði einhverfu gæti verið betri. Í því sambandi er ánægjulegt að geta þess að nýtt valnámskeið, *Að mæta sérstökum námsþörfum nemenda með einhverfu og skyldar þroskaraskanir*, var í fyrsta skipti kennt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands haustið 2014. Námskeiðið er liður í því að leiðbeina kennurum um hvernig mæta megi sérþörfum barna með einhverfu á árangursríkan hátt.

Það er umhugsunarefni að ýmsar aðferðir sem eru notaðar í kennslu barna með einhverfu hér á landi eru ekki gagnreyndar og hafa ekki sýnt jákvæð langtímaáhrif. Þetta vekur upp siðferðilegar spurningar um það hverjir beri ábyrgð á vali kennsluáðferða fyrir börn með einhverfu hérlendis. Getur verið að slík ábyrgð sé í höndum foreldra eða aðila sem hafa takmarkaða þekkingu á þeim gögnum sem hafa safnast undanfarna áratugi eða skortir forsendur til að veða og meta upplýsingar um árangur mismunandi aðferða? Ein reynslusaga getur vegið þungt í huga manns sem ekki þekkir muninn á þess háttar vitnisburði og niðurstöðum víðtækra samanburðarrannsóknna. Eins og réttilega er bent á getur það skipt sköpum fyrir framtíð barna með einhverfu af hvaða toga íhlutunin er og því er ekki hægt annað en að taka undir það með ritstjórunum að Embætti landlæknis þurfi að gefa út leiðbeiningar um viðurkennt verklag við kennslu og þjálfun barna með einhverfu þannig að þau geti öll notið þeirrar íhlutunar sem rannsóknir hafa sýnt að skili bestum langtímahorfum.

LOKAORÐ

Bókin er í formi kilju, í þægilegri stærð og með fallegri kápu sem Ragnar Helgi Ólafsson hefur hannað á listilegan hátt. Í lok hvers kafla er samantekt á helstu atriðum kaflans á íslensku og ensku. Í textanum eru yfirleitt enskar þýðingar fræðihugtaka tilgreindar innan sviga, sem er mikill kostur enda ekki alltaf samræmi í notkun íslenskra hugtaka á þessu sviði, og birtist reyndar í notkun mismunandi orða yfir sömu ensku hugtökin milli höfunda í bókinni. Aftast í bókinni eru gagnlegir viðaukar með upplýsingum um greiningarviðmið og einkenni sem geta bent til einhverfu hjá börnum á mismunandi aldri.

Litróf einhverfunnar er yfirgripsmikið fræðirit og mikill fengur að því fyrir þá sem hafa áhuga á einhverfu og starfa á þessu sviði. Það mun eflaust nýtast víða, til dæmis sem lesefni í námi fagaðila, svo sem þroskaþjálfara, félagsráðgjafa, sérkennara og sálfræðinga. Full ástæða er til að óska höfundum og ritstjórum ritsins til hamingju með þetta mikla verk.

ATHUGASEMD

Lengri gerð ritdómsins er birt á heimasíðu höfundar: <http://uni.hi.is/annalind/innsyn-i-einhverfu-itarlegri-utgafa-af-ritdomi/>

HEIMILDIR

- Howard, J. S., Stanislaw, H., Green, G., Sparkman, C. R. og Cohen, H. G. (2014). Comparison of behavior analytic and eclectic early intervention for young children with autism after three years. *Research in Developmental Disabilities*, 35(12), 3326–3344. doi:10.1016/j.ridd.2014.08.021
- Lauchlan, F. og Boyle, C. (2007). Is the use of labels in special education helpful? *Support for Learning*, 22(1), 36–42. doi:10.1111/j.1467-9604.2007.00443.x

UM HÖFUNDINN

Anna-Lind Pétursdóttir (annalind@hi.is) er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk B.A.-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 1996, embættisprófi í sálfræði frá sama skóla árið 2001 og doktorsprófi í sérkennslufræðum frá Minnesota-háskóla árið 2006. Rannsóknir hennar hafa beinst að úrræðum vegna frávíka í þroska, námi eða hegðun barna og þjálfun starfsfólks í beitingu þeirra úrræða.